

# EURYDICE

## Upplýsinganet um menntamál í Evrópu







**Eurydice**

**Upplýsinganet  
um menntamál í  
Evrópu**

Upphaflega gefið út á ensku undir heitinu Eurydice – The Information network on education in Europe af EURYDICE European Unit, Avenue Louise 240, B- 1050 Brussel

© EURYDICE European Unit, 2003

Þýðandi: Þórgunnur Skúladóttir

Þýðing: ©Menntamálaráðuneytið (2003)

Þýðingin er gefin út í samvinnu við EURYDICE European Unit. Menntamálaráðuneytið ber fulla ábyrgð á þýðingunni.

Bæklinginn má nálgast á Internetinu (<http://www.eurydice.org>).

Hann er fáanlegur á ensku, frönsku og þýsku.

Bæklinginn má afrita að hluta, þó ekki í viðskiptalegum tilgangi, að því gefnu að tekið sé fram í upphafi útdráttarins að Eurydice, upplýsinganetið um menntamál í Evrópu, sé útgefandi hans og getið sé um útgáfudag.

Leyfi til að afrita bæklinginn í heild veitir Evrópuskrifstofa Eurydice.

## **EURYDICE**

European Unit

Avenue Louise 240

B-1050 Brussels

© Eurydice, 2003.

Sími: +32 2 600 53 53

Fax: +32 2 600 53 63

Netfang: [info@eurydice.org](mailto:info@eurydice.org)

Veffang: <http://www.eurydice.org>


D/2003/4008/2

ISBN 9979-777-09-5

*Prentvinnsla: Gutenberg*

## **Efnisyfirlit**

<b>Yfirlit yfir starfsemi Eurydice</b>	<b>5</b>
<b>Upplýsingagiöf vegna stefnumótunar og almennrar umræðu</b>	<b>7</b>
<b>Starfsemi í þágu ólíkra stefnumótandi aðila</b>	<b>9</b>
<b>Athugun á menntakerfum 30 landa</b>	<b>11</b>
<b>Fjölbreytt útgáfuefni</b>	<b>14</b>
<b>Þróun tiltekinnar þekkingar, sem byggist á fræðilegum grunni</b>	<b>18</b>
<b>Samstarf við aðra aðila</b>	<b>20</b>
<b>Viðauki</b>	<b>21</b>
<b>Upplýsinganet Eurydice</b>	<b>22</b>



## Yfirlit yfir starfsemi Eurydice

**Eurydice** er stofnananet sem safnar, fylgist með, vinnur úr og dreifir traustum samanburðarupplýsingum um menntakerfi og menntastefnur í Evrópu. Það þjónar fyrst og fremst þeim sem vinna að stefnumótun í menntamálum á landsvísi, í stofnunum Evrópusambandsins, og svæðisstjórnnum og sveitarfélögum. Efnið er fánlegt víða, því er dreift í prentuðu máli og er einnig aðgengilegt á vefnum. Þar er fyrst og fremst beint sjónum að uppbyggingu og skipulagningu menntunar í Evrópu. Útgáfuefni **Eurydice** skiptist í lýsingar á menntakerfum einstakra landa, samanburðarathuganir á tilteknum mállefnum, tölfræðileg gögn og svokallaða vísa.

Upplýsinganet **Eurydice**, sem Evrópusambandið (ESB) hleypti upphaflega af stokkunum árið 1980, samanstendur af Evrópuskrifstofu á vegum framkvæmdastjórnar ESB í Brussel og landsskrifstofum sem menntamálaráðuneyti allra landa sem aðild eiga að Sókrates-menntaáætluninni standa að. **Eurydice** hefur verið hluti af Sókrates-áætluninni frá 1995. Upplýsinganetið styrkir evrópskt samstarf í menntamálum með þróun gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar um menntakerfi og menntastefnur og með athugunum á viðfangsefnum er varða menntakerfi.

**Eurydice** er öflugt gagnvirkt upplýsinganet og allar skrifstofurnar leggja sitt af mörkum til starfseminnar. Evrópuskrifstofan sér um að samræma starfsemina, tekur saman og dreifir útgáfuefni, hannar og stýrir gagnagrunni og aðalvefsíðu **Eurydice**. Landsskrifstofurnar útvega upplýsingar, taka þátt í úrvinnslu þeirra og tryggja að efni upplýsinganetsins nái til markhópa í viðkomandi löndum. Í flestum löndunum eru skrifstofurnar staðsettar innan veggja menntamálaráðuneytis, en í fáeinum tilvikum eru þær í upplýsingamiðstöðvum bókasafna eða stjórnsýslu- og rannsóknarstofnunum.

Skrá með upplýsingum um alla sem aðild eiga að **Eurydice**-upplýsinganetinu er aftast í þessum bæklingi. Vefsíða **Eurydice** er á slóðinni <http://www.eurydice.org>.

© Getty Images



© Getty Images



© Anne Rippey / Getty Images



© Getty Images



## Upplýsingagjöf vegna stefnumótunar og almennrar umræðu

Hlutverk **Eurydice** er einkum að veita stefnumótandi aðilum og öllum sem koma að menntamálum upplýsingar sem miðast við þarfir þeirra.

Upplýsinganetið um menntun í Evrópu, **Eurydice**, hefur allt frá árinu 1980 verið hluti af því skipulagða fyrirkomulagi sem framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkin hafa komið á fót í því skyni að auka samstarf og auka þar með skilning á menntakerfum og menntastefnum. Frá árinu 1995 hefur **Eurydice** einnig verið hluti af Sókrates-áætluninni, samstarfsáætlun ESB í menntamálum.

Til að laga sig að breyttum kröfum hefur starfsemi upplýsinganetsins, sem upphaflega var fólgin í vinnslu og gagnkvæmri miðlun ýmis konar gagna, smám saman þróast í átt að ítarlegri athugunum á sérhæfðum sviðum.

Með því að varpa ljósi á allt sem greinir menntakerfin að, og jafnframt það sem er þeim sameiginlegt, stuðlar starfsemi **Eurydice** að gagnsæi þessara kerfa. Starfsemin leggur einnig sitt af mörkum, með beinum eða óbeinum hætti, til að bæta menntastefnu einstakra landa jafnt sem evrópska menntastefnu. Hlutverk og framlag **Eurydice** skiptir sköpum í ljósi mikilvægis menntamála, svo ekki sé minnst á þá umræðu um menntamál sem fram fer hvarvetna í Evrópu og þau sameiginlegu markmið sem sett hafa verið fyrir menntakerfi fram til ársins 2010<sup>(1)</sup>.

Til að þróa gagnkvæma þekkingu og skilning á menntakerfum og menntastefnum þarf að skoða þá sérfræðiþekkingu sem skapast hefur með tilliti til eftirfarandi:

- safna þarf grundvallarupplýsingum;
- útvega þarf upplýsingar um nýja strauma hvenær sem þörf krefur;
- bera þarf saman kerfi, aðgerðir og stefnumörkun með því að skoða þessa þætti í samhengi;
- íhuga þarf, þegar við á, sjónarmið sem efst eru á baugi í umræðum eða umbótum með hliðsjón af langtímastefnu;

(1) Skýrsla framkvæmdastjórnar ESB frá 31. janúar 2001: The concrete future objectives of education systems [COM(2001) 59 final – ekki birt í Stjórnartíðindum EB].

- útbúa þarf vísa og fylgjast með breytingum sem eiga sér stað;
- vinna þarf að framsýnni og skipulegri greiningu;
- safna þarf niðurstöðum rannsókna og sameina þær;
- tilgreina þarf tiltækar upplýsingaveitur.

**Eurydice** tekur fullan þátt í allri þessari starfsemi. Enda þótt starfið þar nýtist fyrst og fremst stefnumótandi aðilum á landsvísu, innan sveitarfélaga, tiltekinna svæða eða á Evrópuvísu, hvetur það einnig óhjákvæmilega til almennrar umræðu. Þetta framlag verður stöðugt mikilvægara þar sem ný upplýsingatækni gerir útbreiðslu á efni **Eurydice** almennari en nokkru sinni fyrr.



## Starfsemi í þágu ólíkra stefnumótandi aðila

**Eurydice** er upplýsinganet sem er annars vegar byggt upp af landsskrifstofum sem menntamálaráðuneyti viðkomandi landa setja á fót og hins vegar Evrópuskrifstofu sem framkvæmdastjórn ESB hefur komið á fót. Þar er unnið upplýsingaefni sem einkum er ætlað að koma til móts við þarfir eftirfarandi aðila:

- ráðgjafa, embættismanna og annars starfsfólks ráðuneyta, þ.e. aðila sem þurfa að hafa trausta þekkingu á ríkjandi fyrirkomulagi og verkefnum, og þurfa upplýsingar um menntastefnur sem innleiddar hafa verið í ýmsum Evrópulöndum.
- Háttsettra aðila innan framkvæmdastjórnar ESB sem hafa með höndum hugmyndavinnu og útfærslu á stefnu og áætlunum í menntamálum, sem og aðilum að öðrum stofnunum sambandsins sem koma að þessum málum og síðast en ekki síst Evrópuþinginu.

### Innan ráðuneyta eru upplýsingar frá Eurydice einkum ætlaðar:

- skrifstofum ráðuneyta og ráðgefandi starfsfólki;
- starfsfólki sem hefur með höndum að útfæra samþykktar stefnur;
- deildum sem annast evrópsk og alþjóðleg samskipti;
- deildum sem annast rannsóknir og framtíðaráætlanir.

Slíkum upplýsingum er einnig beint að öllum stofnunum sem tengjast ráðuneytunum eða ráðuneytisdeildum sem staðsettar eru annars staðar.

Mörg Evrópulönd hneigjast í átt til aukinnar valddreifingar. Sums staðar er slík valddreifing orðin að veruleika. Innan sveitarfélaga og tiltekinna svæða hafa stjórn mála- og embættismenn, skólastjórnendur og eftirlitsaðilar, stéttarfélag og samtök kennara og foreldra einnig átt þátt í ákvarðanatöku, eftir því hvernig landsmálum og uppbyggingu á viðkomandi kerfi er háttað. Þessir aðilar geta því einnig nýtt sér þær upplýsingar sem **Eurydice** veitir.

Margir aðrir hópar líta á þetta efni sem mikilvæga upplýsingaveitu enda þótt þeir séu ekki efst á lista yfir viðtakendur útgáfuefnis og annarra gagna sem **Eurydice** vinnur. Þar á meðal eru kennarar, fræðimenn (einkum þeir sem stunda samanburðarrannsóknir í mennta-

málum), kennaraháskólar, upplýsingamiðstöðvar og allir þeir sem koma faglega að hreyfanleika nemenda og kennara og skiptiáætlunum milli landa.

### Hlutverk menntamálanefndar

Leiðandi starfsemi upplýsinganetsins við að útvega stefnumótandi aðilum nauðsynleg gögn er einnig tryggð með reglubundnum samskiptum við menntamálanefndina. Þessi nefnd starfar innan ramma ráðsins og í henni sitja fulltrúar menntamálaráðuneyta og framkvæmdastjórnar ESB.

Helsta hlutverk nefndarinnar er að undirbúa málefni fyrir ráðið og menntamálaráðherrana og tryggja með náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina að ákvörðunum hennar sé fylgt eftir.

Sókratesnefndin þarf að samþykka árlega starfsáætlun Eurydice upplýsinganetsins með formlægum hætti <sup>(2)</sup>, en menntamálanefndin fær nákvæmar upplýsingar um markmið hennar og útfærslu.

<sup>(2)</sup> Sókratesnefndin er framkvæmdastjórn ESB til aðstoðar við að útfæra menntamálaáætlun Sókratesar. Henni er stýrt af framkvæmdastjórninni og í henni sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarríki.

## Athugun á menntakerfum 30 landa

### Málefni sem fjallað er um

**Eurydice** fylgist með öllum málaflokkum sem tengjast menntastefnum (uppbyggingu, umbótum og nýjum straumum) eða málefnum sem varða samstarf á sviði menntamála innan sambandsins.

Starfsemi **Eurydice** felur þannig í sér nákvæmar og ítarlegar athuganir á menntakerfum, einkum markmiðum og aðgerðum allra þeirra stofnana sem taka þátt í tilraunastarfi í menntamálum, sem og uppbyggingu og fyrirkomulagi á tilteknum námssviðum.

Öll skólastig geta verið tilefni athugana, annaðhvort í heild sinni eða hvert fyrir sig, eftir því sem við á. Viðfangsefnin spanna menntun allt frá leikskóla til háskóla að meðtalinni kennaramenntun.

Menntakerfin eru að verða sveigjanlegri og móttækilegri fyrir nýjum leiðum. Fullorðinsfræðsla og þróun símenntunar eru t.d. í brennidepli þar sem slíkt leiðir til áframhaldandi náms og svokallaðs „óformlegs“ náms, til viðbótar hefðbundnu menntakerfi. Þar sem vitað er um aukin tengsl milli formlegrar menntunar og starfsþjálfunar, hefur **Eurydice** byggt upp samstarf við aðra aðila á þessum nýju sviðum til að virkja alla viðkomandi sérfræðipækkingu og stuðla með eins virkum hætti og unnt er að heildargreiningu á þeim.



© Getty Images



© Getty Images



© Getty Images

### Dæmi um málefni sem Eurydice vinnur að

Unnið er að almennum og samanburðarhæfum grunnupplýsingum um menntakerfi, og *Evrópsku orðasafni um menntamál*, en auk þess er ýmist unnið að eða lokið vinnu við eftirtalda þætti:

- námsúrræði fyrir börn innflytjenda,
- breytingar á uppbyggingu æðri menntunar í tengslum við Bologna-yfirlýsinguna,
- mat á skólum,
- kennarastarfið,
- grunnkunnáttu og færni í skyldunámi,
- upplýsingatækni á sviði menntunar,
- tungumálakennslu í skólum,
- framlag menntakerfa til símenntunar,
- fjárveitingar til skóla,
- fjárhagslegan stuðning við námsmenn í háskólanámi,
- einkaskóla og hlutverk opinberra stjórnvalda,
- endurbætur á æðri menntum frá árinu 1980.

Hvert sem málefnið er, þá miðar mestallt starf **Eurydice** að því að nálgast viðfangsefnið með aðferðum sem einkenna samanburðarathuganir í menntamálum. Í eðli sínu eru samanburðarathuganir þverfaglegar og byggja á félagsvísindum. Þær fjalla um tiltekin fyrirbæri á menntasviði og þróun þeirra í félagslegu, pólitísku, efnahagslegu og menningarlegu samhengi.

Einnig er leitast við að nálgast viðfangsefni í sögulegu samhengi til að öðlast aukinn skilning á ríkjandi stefnum. Með því að draga athyglina að því sem er líkt og ólíkt miða samanburðarathuganir á menntakerfum og einstökum þáttum þeirra að því að auka skilning á sérkennum ýmissa kerfa og tengslum ólíkra þátta. Meginmarkmiðið er að stefnumótun byggist á sem bestum upplýsingum í þeim tilgangi að auka gæði menntunar.

### Landfræðilegt umfang

Eurydice nær til menntakerfa aðildarríkja Evrópusambandsins, landanna þriggja sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og eru jafnframt aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, og jafnframt væntanlegra aðildarlanda ESB sem eru þátttakendur í Sókrates-áætluninni.

#### Lönd í upplýsinganeti Eurydice

Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Malta, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland Ungverjaland og Þýskaland.



## Fjölbreytt útgáfuefni

**Eurydice** vinnur og gefur út eftirfarandi efni til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir notenda sinna:

- rit um uppbyggingu menntakerfa sem uppfærð eru með reglubundnum hætti og gera samanburð auðveldan;
- samanburðarathuganir fyrir Evrópusambandið á tilteknum málaflokkum;
- vísa.

**Eurydice** veitir notendum sínum aðgang að **Eurybase**, mjög vönduðum gagnagrunni – einum sinnar tegundar – um öll menntakerfi sem upplýsinganetið nær til. Hverju kerfi er lýst með sams konar viðmiðum, á ensku og eigin tungumáli, einu eða fleirum. Lýsingunni fylgir einnig skrá yfir viðkomandi lagasetningar, skrá yfir stofnanir, orðaskrá og heimildaskrá. Evrópuskrifstofa **Eurydice** annast hönnun gagnagrunnsins og hann er sú upplýsingaveita sem aðilar jafnt innan sem utan samstarfsnetsins nota í ríkum mæli. Landskrifstofurnar skrá og uppfæra sína kafla árlega.

### Eurybase

Kafli hvers lands inniheldur eftirfarandi þætti: pólitískan og efnahagslegan bakgrunn; almennt fyrirkomulag menntakerfa og almenna stjórnsýslu á sviði menntamála; leikskólanám; grunnskólanám; framhaldsskólanám; háskólanám; fullorðinsfræðslu; kennara og starfsfólk í menntastofnunum; mat á menntakerfinu; sérkennslu; evrópsk og alþjóðleg sjónarmið í menntamálum.

Hægt er að leita upplýsinga í **Eurybase** á vefsíðu Eurydice á slóðinni:  
<http://www.eurydice.org>





Annað útgáfuefni upplýsinganetsins er flokkað í nokkrar ritraðir eftir því hvort umfjöllunarefnið er:

**Key Data on Education in Europe** (Lykiltölur um menntamál í Evrópu) er ritröð sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefur út og unnin er í samvinnu við hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Þar er um að ræða almenna vísa um fyrirkomulag og rekstur menntakerfa í Evrópu sem uppfærðir eru með reglubundnum hætti.

**Key Topics in Education in Europe** (Lykilmálefni á sviði menntunar í Evrópu) er einnig ritröð sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefur út og ritröðin inniheldur samanburðarathuganir sem byggjast á ítarlegri greiningu á tilteknum málefnum sem bæði eru lýsandi og greina efnið í samhengi með notkun vísa. Þessum athugunum fylgja framlög frá utanaðkomandi sérfræðingum allra þeirra landa sem ekki eru aðilar að upplýsinganetinu, og eru sérhæfðir í þeim málefnum sem fjallað er um.



**Eurydice Studies** (Rannsóknarverkefni Eurydice) innihalda greiningar á tilteknum málaflokkum fyrir Evrópusambandið. Í þeim er aðallega að finna samanburðaryfirlit þar sem tilgreindar eru ríkjandi stefnur og straumar í Evrópu. Þeim fylgja venjulega skýrslur um stöðuna í hverju landi (landsskýrsla), sem birt er annaðhvort í viðauka eða á vefsíðu Eurydice.

**Eurydice Surveys** (Kannanir á vegum Eurydice) hvetja til pólitískrar umfjöllunar um mikilvæg málefni á dagskrá stefnumótandi aðila í Evrópu. Þetta eru stuttar athuganir á málefnum sem fjallað er um frá evrópsku sjónarhorni, og yfirlit yfir stöðu allra viðkomandi landa gefur þeim aukið gildi. Þessar kannanir fara fram á nokkrum mánuðum, en spanna ekki lengri tímabil eins og aðrar athuganir, og þeim er ætlað að auðga og bæta umræðu um menntamál sem fram fer á hverju forsætistímabili ráðsins.




**European Glossary on Education**

(Evrópskt orðasafn um menntun) er ritröð, þar sem fjallað er um tiltekinn málaflokk í hverju riti fyrir sig. Sem stendur inniheldur hún öll landsbundin hugtök sem notuð eru í menntakerfum til að tilgreina „próf, hæfni og nafnbætur“ (1. bindi), „menntastofnanir“ (2. bindi), „kennara og annað starfsfólk sem annast kennslu“ (3. bindi) og „starfsfólk sem annast stjórnunarstörf, eftirlit og er til aðstoðar“ (4. bindi).

hún öll landsbundin hugtök sem notuð eru í menntakerfum til að tilgreina „próf, hæfni og nafnbætur“ (1. bindi), „menntastofnanir“ (2. bindi), „kennara og annað starfsfólk sem annast kennslu“ (3. bindi) og „starfsfólk sem annast stjórnunarstörf, eftirlit og er til aðstoðar“ (4. bindi).

Allar þessar ritraðir eru gefnar út með styrk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins; þær eru í samhæfðri prentaðri útgáfu en einnig birtar í fullri lengd á vefsíðu **Eurydice**.

Vegna stefnu sem framfylgt er í sambandi við þýðingar er mestallt efni **Eurydice** fáanlegt á ýmsum tungumálum. Verkin eru fyrst og fremst gefin út á ensku, frönsku og þýsku,



en landsskrifstofur vinna í auknum mæli að því að fá þau þýdd á önnur tungumál, með fjárstyrk frá framkvæmdastjórninni.

Landsskrifstofurnar þurfa einnig alloft á einhverjum tilteknum upplýsingum að halda frá öðrum skrifstofum. Fyrir kemur að ekki er hægt að svara brýnum fyrirspurnum frá embættismönnum um mjög sérhæfð mál með því að vísa í þann mikla banka samanburðarhæfra upplýsinga sem byggður hefur verið upp í áranna rás. Leyst er úr slíkum spurningum með tvíhliða samskiptum við landsskrifstofurnar.



© Getty Images

## Þróun tiltekinnar þekkingar á fræðilegum grunni

Þær upplýsingar sem stjórnsýsluaðilar á sviði menntamála þurfa á að halda eru afar mismunandi og fara eftir stöðu, starfs- og ábyrgðarsviði og hvort um skammtíma- eða langtíma-markmið er að ræða.

Það er mjög flókið og krefjandi verkefni að útvega viðeigandi upplýsingar er varða stefnumótun og opinbera umræðu á landsvísu og jafnvel enn erfiðar á Evrópuvísu. Mjög mismunandi er hvernig staðið er að stefnumótun og hið sama gildir um menntakerfin. Þessi mismunur hefur skapast vegna sögulegra, pólitískra og menningarlegra þátta sem mótað hafa stjórnkerfi landanna. Jafnframt er hann uppspretta mikillar reynslu og fjölbreyttra starfshátta sem getur veitt gagnkvæman innblástur og stuðlað að samstarfi Evrópuþjóða.

Ef starfsemi **Eurydice** á að vera þeim sem hún þjónar raunverulegur akkur, er nauðsynlegt að taka mið af því að hún mun verða nýtt á ýmsan hátt. Einnig er brýnt að gæta þess að sama málefnið kann að verða til umfjöllunar við ólíkar aðstæður í mismunandi kerfum. Því þarf að setja hverju rannsóknarsviði ákveðinn ramma sem er þó svo rúmur að hann innihaldi svör við öllum þeim spurningum sem kunna að vakna innan framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkja.

### Starfsaðferðir upplýsingansins

Upplýsinganet **Eurydice** er orðið viðurkennd upplýsingaveita, því að markmiðið hefur verið að vinna áreiðanlegar athuganir í hæsta gæðaflokki.

Þegar viðfangsefni hefur verið skilgreint hittast fulltrúar frá Evrópuskrifstofunni og nokkrum landskrifstofum í vinnuhópi til að setja upp ákveðinn ramma fyrir athugunina, og þá þætti sem athuga skal og hvernig staðið skuli að upplýsingaöflun. Á því stigi er markmiðið að ákvarða nákvæmlega svið athugunar, nauðsynlega útfærslu til að tryggja trausta samanburðargreiningu, og þau hugtök sem nota skal um viðkomandi málefni í þeim löndum sem athuginin nær til.

Vinnutilgátur sem þannig eru settar fram í sameiningu, ásamt spurningalista eða leiðbeiningum um innihald sem Evrópuskrifstofan undirbýr, eru prófaðar af vinnuhópnum. Allar landskrifstofurnar annast síðan upplýsingaöflun í viðkomandi löndum.

Evrópuskrifstofan vinnur síðan drög að samanburðarupplýsingum og tryggir að þær hljóti formlegt samþykki hjá landskrifstofunum.

Með auknu gagnsæi og gagnkvæmri miðlun upplýsinga og reynslu skapast einnig þörf fyrir sameiginlegt tungumál og aðferðir við að lýsa mismunandi menntakerfum þannig að þeir sem almennt glíma við ólíkar aðstæður öðlist skilning á þeim. **Eurydice** leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að „afhjúpa“ þá þætti sem menntakerfin byggja á. Allar samanburðarathuganir sem fara fram lúta þessu grundvallarferli og gildi alls samanburðar hvílir að mestu á því. Tiltekin verkefni (svo sem orðasöfn, grundvallarlýsingar á menntakerfum landanna o.s.frv.) beinast eingöngu að þessum þætti starfseminnar.

Starfsemi upplýsinganetsins byggist á upplýsingum sem safnað er innan hvers ráðuneytis. Landsskrifstofurnar eru staðsettar innan ráðuneyta (eða í nánum tengslum við þau) sem veitir þeim góðan aðgang að opinberum gögnum. Sú þekking sem þannig er aflað er ekki með öllu sambærileg við fræðilega þekkingu sem aflað er með hefðbundnum hætti. Þær upplýsingaveitur sem leitað er til eru almennt takmarkaðri en þær sem fræðaheimurinn byggir starf sitt á. **Eurydice** stendur til dæmis ekki fyrir skoðanakönnunum. Sértekur athuganir, sem verða að spanna alla málaflokka sem stefnumótandi aðilar standa andspænis, lúta á hinn bóginn þeim aga og reglum sem gefur fræðilegum rannsóknum gildi. Upplýsinganetið notar sömu aðferðir og fræðimenn beita við undirbúningu athuguna og greiningu á gögnum.

Allt rannsóknarstarf Eurydice er unnið í samræmi við áður nefndar reglur og slíkt skapar kjarna allrar þekkingar og sérfræðikunnáttu sem þar er að finna.



## Samstarf við aðra aðila

**Eurydice** í nánu samstarfi við fjölda evrópskra eða alþjóðlegra stofnana, eins og mælt er með í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins vegna Sókrates-áætlunarinnar.



*Key data on education in Europe* hefur verið gefið út frá árinu 1995 í samstarfi **Eurydice** og hagstofu Evrópusambandsins, **Eurostat**. **Eurydice** hefur með reglubundnum hætti og í samvinnu við **Eurostat** uppfært og endurnýjað vísu á viðtæku sviði. Samstarf þeirra beinist einnig að því að þróa gerð vísu sem veita þjóðhagslegar upplýsingar í þeim athugunum sem birtar eru í ritröðinni *Key topics in education in Europe*.



Vegna stöðugt meiri tengsla milli formlegrar menntunar og starfsþjálfunar er **Eurydice** einnig í mikilvægu og afar gagnlegu samstarfi við Miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar (**Cedefop**). Samstarfið byggist einkum á stöðugri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun á fundum sem haldnir eru sérstaklega í þeim tilgangi, og gagnkvæmri þátttöku fulltrúa á reglubundnum fundum. Einnig standa þessir aðilar sameiginlega að útgáfu á ritinu *Structures of education, vocational training and adult education systems in Europe* (Uppbygging á menntakerfum og kerfum til starfsþjálfunar og fullorðinsfræðslu í Evrópu). Sameiginleg áhersla á málaflokka eins og símenntun og fagorðaförða hvetur einnig til þess að viðkomandi starfsfólk hjá **Cedefop** og **Eurydice** hafi samstarf á þeim sviðum.



Annar samstarfsaðili **Eurydice**, **Evrópska starfsmenntastofnunin (ETF)** sem staðsett er í Turín, á einnig aðild að útgáfu ritsins *Structures of education, vocational training and adult education systems in Europe*, með tilstilli rannsóknarstöðva sinna í löndum Mið- og Austur-Evrópu.



Samstarf **Eurydice** við Evrópumiðstöðina fyrir þróun í sérkennslu hefur verið að byggjast upp í nokkur ár.

Að lokum skal tekið fram að Evrópuskrifstofa **Eurydice** styður framkvæmdastjórnina, eftir því sem við á, í samstarfi hennar við alþjóðlegar stofnanir, svo sem **Evrópuráðið**, **Efnahags- og framfarastofnunina (OECD)** og **Meningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (Unesco)**.

## Viðauki

### Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EC frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaráætlunar bandalagsins á sviði menntamála 'Sókrates'.

Stjórnartíðindi EB ESB, L 28, 03.02.2000, bls. 1-15 (útdráttur)

.....

#### Aðgerð 6: Athuganir og nýjungar

Þessi aðgerð stuðlar að auknum gæðum og gegnsæi menntakerfa og styður nýjungar á sviði menntunar í Evrópu með gagnkvæmri miðlun upplýsinga og reynslu, með því að kunna skil á góðum starfsvenjum, samanburðargreiningu kerfa og stefna á þessu sviði og með umræðu og greiningu á sameiginlegum hagsmunamálum sem varða menntastefnu og ráðinu ber að ákveða.

#### Aðgerð 6.1: Athugun á menntakerfum, menntastefnum og nýjungum.

1. Í þessari aðgerð, með bámarksnýtingu fyrirbyggjandi skipulags hvæðer sem því verður við komið, felst:
  - a) söfnun lýsandi (gagna) og tölfræðilegra gagna og samanburðargreining á menntakerfum og -stefnum í aðildarríkjunum;
  - b) þróun aðferða til að meta gæði menntunar, þar með talið þróun viðeigandi viðmiða og vísa;
  - c) þróun og uppfærsla gagnabanka og annarra upplýsingabrunna varðandi nýsköpunartilraunir;
  - d) miðlun reynslu af viðkomandi starfsemi sem er styrkt af bandalaginu og aðildarríkjunum;
  - e) liðkun á viðurkenningu prófskírteina, menntunar og bæfis og námstíma á öllum skólastigum menntunar í öðrum aðildarríkjunum.
2. Í þessu skyni er bandalaginu heimilt að veita fjárbagsaðstoð til:
  - a) upplýsinganetsins um menntun í Evrópu, „Eurydice“, sem samanstendur af Evrópuskrifstofunni sem framkvæmdastjórnin kemur á fót og landsskrifstofum sem aðildarríkin koma á fót, til þess að það nýtist að fullu við framkvæmd þessarar aðgerðar. Netinu er einkum cellað að safna og miðla upplýsingum um menntakerfi og -stefnur, þróa gagnagrunna, gera samanburðaraðbuganir og þróa vísa. Ef nauðsyn ber til mun Eurydice leita eftir utanaðkomandi sérfræðiaðstoð ...“

## EURYDICE NETWORK

### Eurydice European Unit

Avenue Louise 240

B-1050 Brussels

### BELGIQUE / BELGIË / BELGÍA

Unité francophone d'Eurydice  
Ministère de la Communauté française  
Direction des Relations internationales  
Bureau 6A/002  
Boulevard Léopold II, 44  
1080 Bruxelles

Vlaamse Eurydice-Eenheid  
Ministerie van de Vlaamse Gemeenschap  
Departement Onderwijs  
Afdeling Beleidscoördinatie  
Hendrik Consciencegebouw 5C11  
Koning Albert II - laan 15  
1210 Brussel

Agentur Eurydice  
Agentur für Europäische Bildungsprogramme  
Ministerium der Deutschsprachigen Gemeinschaft  
Gospertstraße 1  
4700 Eupen

### BALGARIJA / BÚLGARÍA

Eurydice Unit  
Equivalence & Information Centre  
International Relations Department  
Ministry of Education and Science  
2A, Kniiaz Dondukov Blvd  
1000 Sofia

### ČESKÁ REPUBLIKA / TÉKKLAND

Eurydice Unit  
Institute for Information on Education  
Senovážné nám. 26  
P.O. Box 1.1  
110 06 Praha 06

### DANMARK / DANMÖRK

Eurydice's Informationskontor i Danmark  
Institutionsstyrelsen  
Undervisningsministeriet  
Frederiksholms Kanal 21  
1220 København K

### DEUTSCHLAND / ÞÝSKALAND

Eurydice-Informationsstelle beim  
Bundesministerium für Bildung und Forschung  
Hannoversche Strasse 28-30  
11055 Berlin

Eurydice-Informationsstelle der Länder  
im Sekretariat der Kultusministerkonferenz  
Lennéstrasse 6  
53113 Bonn

### BESTI / EISTLAND

Eurydice Unit  
Estonian Ministry of Education and Research  
Tallinn Office  
11 Tõnismägi St.  
15192 Tallinn

### ELLADA / GRIKKLAND

Eurydice Unit  
Ministry of National Education and Religious  
Affairs  
Direction CEE / Section C  
Mitropoleos 15  
10185 Athens

### ESPAÑA / SPÁNN

Unidad de Eurydice  
Ministerio de Educación, Cultura y Deporte  
CIDE - Centro de Investigación y Documentación  
Educativa  
c/General Oraá 55  
28006 Madrid

### FRANCE / FRAKKLAND

Unité d'Eurydice  
Ministère de la Jeunesse, de l'Éducation nationale et  
de la Recherche  
Délégation aux Relations internationales et à la  
Coopération  
Centre de ressources pour l'information  
internationale  
Rue de Grenelle 110  
75357 Paris

### IRELAND / ÍRLAND

Eurydice Unit  
Department of Education and Science  
International Section  
Marlborough Street  
Dublin 1

### ÍSLAND

Landsskrifstofa Eurydice  
Menntamálaráðuneytinu  
Mats- og eftirlitsdeild  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík



## **ITALIA / ÍTALÍA**

Unità di Eurydice  
Ministero dell'Istruzione, dell'Università e della  
Ricerca  
c/o INDIRE  
Via M. Buonarroti 10  
50122 Firenze

## **KYPROS / KÝPUR**

Eurydice Unit  
Ministry of Education and Culture  
Kimonos and Thoukydidou  
1434 Nicosia

## **LATVIJA / LETTLAND**

Eurydice Unit  
Ministry of Education and Science  
Department of European Integration and  
Coordination of International Assistance  
Programmes  
Valnu 2  
1050 Riga

## **LIECHTENSTEIN**

Eurydice-Informationsstelle  
Schulamnt  
Austrasse 79  
9490 Vaduz

## **LIETUVA / LITÁEN**

Eurydice Unit  
Ministry of Education and Science  
A. Volano 2/7  
2691 Vilnius

## **LUXEMBOURG / LÚXEMBOURG**

Unité d'Eurydice  
Ministère de la Culture, de l'Enseignement  
supérieur et de la Recherche (CEDIES)  
Route d'Esch 211  
1471 Luxembourg

## **MAGYARORSZÁG / UNGVERJALAND**

Eurydice Unit  
Ministry of Education  
Szalay u. 10-14  
1054 Budapest

## **MALTA**

Eurydice Unit  
Education Officer (Statistics)  
Department of Planning and Development  
Education Division  
Floriana CMR 02

## **NEDERLAND / HOLLAND**

Eurydice Eenheid Nederland  
Ministerie van Onderwijs, Cultuur en  
Wetenschappen  
Afd. Informatiediensten D073  
Postbus 25000 - Europaweg 4  
2700 LZ Zoetermeer

## **NORGE / NOREGUR**

Eurydice Unit  
Ministry of Education and Research  
Department for Policy Analysis and International  
Affairs  
Akersgaten 44  
0032 Oslo

## **ÖSTERREICH / AUSTURRÍKI**

Eurydice-Informationsstelle  
Bundesministerium für Bildung, Wissenschaft und  
Kultur - Abt. I/6b  
Minoritenplatz 5  
1014 Wien

## **POLSKA / PÓLLAND**

Eurydice Unit  
Foundation for the Development of the Education  
System  
Socrates Agency  
Mokotowska 43  
00-551 Warszawa

## **PORTUGAL / PORTÚGAL**

Unidade de Eurydice  
Ministério da Educação  
Departamento de Avaliação, Prospectiva e  
Planeamento (DAPP)  
Av. 24 de Julho 134  
1350 Lisboa

## **ROMÂNIA / RÚMENÍA**

Eurydice Unit  
Socrates National Agency  
1 Schitu Măgureanu - 2nd Floor  
70626 Bucharest

## **SLOVENIJA / SLÓVENÍA**

Eurydice Programme Supervisory Body  
Ministry of Education, Science and Sport  
Office for School Education of the Republic of  
Slovenia  
Trubarjeva 5  
1000 Ljubljana

**SLOVENSKÁ REPUBLIKA / SLÓVAKÍA**

Eurydice Unit  
Slovak Academic Association for International  
Cooperation  
Socrates National Agency  
Staré grunty 52  
842 44 Bratislava

**SUOMI / FINLAND / FINNLAND**

Eurydice Finland  
National Board of Education  
Hakaniemenkatu 2  
00530 Helsinki

**SVERIGE / SVÍÐJÓÐ**

Eurydice Unit  
Ministry of Education and Science  
Drottninggatan 16  
103 33 Stockholm

**TÜRKIYE / TYRKLAND**

Eurydice Unit  
Ulusal Ajans  
Necatibey Cad. No: 108  
06100, DPT, Ankara

**UNITED KINGDOM / BRETLAND**

Eurydice Unit for England, Wales and Northern  
Ireland  
National Foundation for Educational Research  
(NFER)  
The Mere, Upton Park  
Slough, Berkshire SL1 2DQ

Eurydice Unit Scotland  
Scottish Executive Education Department (SEED)  
International Relations Unit  
Information, Analysis & Communication Division  
Area 1 - B South / Mailpoint 25  
Victoria Quay  
Edinburgh EH6 6QQ



***EURYDICE á netinu:***  
***<http://www.eurydice.org>***